

**2. fundur Umhverfis- og byggingarnefnd haldinn Strandgötu 38,
fimmtudaginn 18. ágúst 2022
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Sigurvin Hreiðarsson (SH), Aðalsteinn Magnússon (AM), Jónas Snæbjörnsson (JS) og Jóhann Birkir Helgason (JBH).

Fundargerð ritaði: Sigurvin Hreiðarsson, Formaður

Dagskrá:

1. Ábending vegna aksturs á Strandgötu - 2208007

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Bjarna Sigmar Guðnasyni dags. 9.8.2022 er varðar ökuhraða í Strandgötu og hættu á að hann aukist enn meira eftir malbikun.

Jafnframt lagður fram tölvupóstur frá Jónatan Guðbrandssyni aðstoðaryfirlögrygluþjón hjá lögreglunni á Vestfjörðum dags. 18.08.2022 þar sem tekið er undir hraðan akstur á Strandgötu / Tálknafjarðarvegi.

Umhverfis- og byggingarnefnd tekur undir með bréfitara að gæta þurfi að hraðakstri á Strandgötu, hámarkshraði er 50 km/klst.

Nefndin vill skoða hvort setja eigi upp bæjarhlið, hraðaskilti eða annað til hraðalækkunar.

Byggingarfulltrúa falið að koma með útfærslur.

2. Erindisbréf nefnda 2022-2026 - 2206069

Tekið fyrir erindisbréf Umhverfis- og byggingarnefndar.

Umhverfis- og byggingarnefnd samþykkir erindisbréfið og vísar því til sveitarstjórnar til staðfestingar.

3. Samþykkt um búfjárhald, endurskoðun - 2208006

Tekið fyrir bréf frá Ólafi Þór Ólafssyni, sveitarstjóra dags. 15. ágúst 2022 þar sem sveitarstjórn vísar samþykkt um búfjárhald til Umhverfis- og byggingarnefndar til endurskoðunar.

Umhverfis- og byggingarnefnd frestar erindinu til næsta fundar.

4. Fundadagatal 2022-2023 - 2208003

Lagt fram til kynningar fundardagatal nefnda og sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps út júní 2023.

Lagt fram til kynningar.

5. Strandsvæðisskipulag - 2103057

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí 2022 ásamt greinargerð, uppdráttum og

2. fundur
12.09.2022

umhverfismati þar sem óskar er eftir ábendingum varðandi tillögu að strandsvæðaskipulagi Vestfjarða fyrir 15. september 2022.

Umhverfis- og byggingarnefnd bendir á að á svæðum LV4 og LV5 er tekið sérstaklega fram að ekki sé gert ráð fyrir vegþverun fjarðarins, nefndin telur eðlilegt að halda þeim möguleika opnum í skipulaginu að heimilt sé að þvera fjörðinn.

Lilja Magnúsdóttir mætti á fundinn undir þessum lið og kynnt stöðu sorpmála

6. Sorpmál í Tálknafjarðarhreppi - 2208043

Tekið til umfjöllunar sorp- og hreinlætismál í Tálknafjarðarhreppi.

Umhverfis- og byggingarnefnd telur ástand sorpmála ekki í góðum farvegi og þurfi að lagfæra. Kynning til almennings er óásættanleg og þarf að bæta.

Nefndin mun skoða samning við verktaka og útsærslu hans.

Lilja vísar af fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30.

Sigurvin Hreiðarsson (SH)

Aðalsteinn Magnússon (AM)

Jónas Snæbjörnsson (JS)

Jóhann Birkir Helgason (JBH)